Umgengisreglur Orlofssjóðs Verkalýðsfélags Suðurlands

1. **Orlofseignir** eru leigðar út með húsgögnum, eldhús-borðbúnaði og öðrum lausamunum sem ekki eru sérstaklega talin upp. Tekið er fram á heimasíðu ef heitur pottur fylgir orlofseign.
2. **Sængur** og koddar fylgja í samræmi við fjölda rúma.
3. **Taka þarf með sér:**
   3.1. Lök, sængur- og koddaver.
   3.2. Borðtuskur og þurrkustykki.
   3.3. Handklæði og handsápur.
   3.4. Salernis- og eldhúsrúllupappír.
4. **Það sem fylgir:**
   4.1. Hreingerningavörur og gólftuskur.
   4.2. Þvottavél fyrir tau og þvottaefni.
   4.3. Gasgrill og gaskútar.
   4.4. Útiborð og útistólar (þar sem það á við).
5. **Það sem ber að virða:**
   5.1. Óþarfa hávaði og ónæði er bannað frá kl 23:00 til 08:00.
   5.2. Forðast skal hávaða með bílaumferð á sama tíma.
   5.3. Bannað er að vera með einnota útigrill á verönd og/eða útisvæði né annan opinn eld.
   5.4. Leigutakar skulu ganga vel um staðinn og gæta þess að spilla ekki gróðri eða landi á nokkurn hátt.
   5.5. Ekki er leyfilegt að hafa með sér gæludýr.
   5.6. Reykingar eru stranglega bannaðar innandyra.
6. **Áður en orlofseign er yfirgefin:**
   6.1. Þvo allt leirtau og tæma úr uppþvottavél
   6.2. Gæta að ekkert tau sé í þvottavél
   6.3. Tæma ísskáp og þrífa að utan sem og innan
   6.4. Tæma frystihólf
   6.5. Tæma kaffipoka úr kaffivél og þrífa hana
   6.6. Þrífa eldavél, ofn og örbylgjuofn, bæði innan og utan
   6.7. Taka allar eigin eignir úr fataskápum og skúffum
   6.8. Ganga snyrtilega frá sængum og koddum
   6.9. Þurrka ryk af borðum, hillum og úr gluggum bæði herbergjum og alrými
   6.10. Loka gluggum, hafa gardínur niðri
   6.11. Þrífa salerni, handlaug, sturtugler og sturtubotn
   6.12. Ryksuga öll gólf og undir rúmum/sófum
   6.13. Skúra yfir öll gólf
   6.14. Þrífa og ganga frá grillinu
   6.15. Þrífa og ganga frá heitum potti
   6.16. Taka allt rusl með sér
   6.17. Slökkva öll ljós (útiljós meiga vera kveikt)
   6.18. Ganga á allar hurðir og passa að allt sé tryggilega læst. (muna eftir geymslu líka)
   6.19. Ganga frá húsinu eins og við viljum koma að því
7. **Ábyrgð:**
   7.1. Leigutaki ber ábyrgð á eigninni og öllum þeim búnaði sem henni fylgir á meðan á leigutíma stendur og skuldbindur sig til að bæta það tjón sem verður af hans völdum eða annarra á hans vegum. Honum ber að tilkynna á skrifstofu félagsins ef um tjón kann að verða.
   7.2. Leigutaka ber að kynna sér reglur orlofssjóðsins.
   7.3. Leigutaki ber ábyrgð á þrifum í orlofseignum.
   7.4. Leigutaki ber ábyrgð á lyklaskilum á réttum tíma til skrifstofu félagsins eða umsjónaraðila.
   7.5. Framleiga til annarra/þriðja aðila er með öllu óheimil
8. **Orlofseignir** félagsins eru sameign okkar félagsmanna allra. Góð umgengni lýsir innri manni.